

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. mars 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-88/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 15. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á hljómflutningstækjum fyrir bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 16. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 6. nóvember. Með bréfi, dags. 12. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 20. nóvember. Með bréfi, dags. 27. nóvember, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og fékk hann frest til þess til 11. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 26. febrúar, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 9. október sl., keypti álitsbeiðandi hljómflutningstæki í bifreið af seljanda fyrir samtals kr. 69.240. Samkvæmt álitsbeiðanda var um að ræða svokallað „Sound hátalaratilboð“, sem innihélt tvenna SSL 6x9 tommu GS 600w framhátalara, tvenna 6,5 tommu GS 300w afturhátalara, einn 4x100w Evolution magnara og snúrur. Segist álitsbeiðandi hafa keypt svokallaða stækkun á umrætt tilboð, sem var fólgið í því að SSL 6x9 tommu GS 600w framhátölurum var skipt út fyrir jafn stóra hátalara af gerðinni Ground Zero, en fyrir það mun álitsbeiðandi hafa greitt aukalega. Auk þessa keypti álitsbeiðandi geislaspilara og snúrur af seljanda. Var allt ofantalið innifalið í kaupverðinu.

Segist álitsbeiðandi hafa keypt umrædda „stækkun“ á tilboðinu vegna upplýsinga frá seljanda sem hann hafi síðan komist að að voru rangar. Eftir stækkun tilboðsins hafi komið í ljós að magnarinn sem fylgdi tilboðinu var ekki nægjanlega öflugur fyrir hátalarana sem fylgdu með í stækkuninni. Segir álitsbeiðandi að þegar það hafi komið í ljós hafi seljandi reynt að selja honum stærri magnara en álitsbeiðandi segist hafa hafnað því. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi þá sagt sér að ef hann setti upp hljómflutningstækin að óbreyttu myndi magnarinn líklegast eyðileggjast en í besta falli ekki ná fram tilætluðum hljómgæðum. Þá segir álitsbeiðandi að seljandi hafi jafnframt tjáð sér ef magnarinn myndi eyðileggjast þá bæri seljandi ekki ábyrgð á því tjóni, þar sem um stillingaratriði væri að ræða. Segist álitsbeiðandi því hafa talið að hátalaratilboðið sem hann keypti hafi því í raun verið gallað í þeirri mynd sem það var sent honum. Hafi hann því krafist seljanda um að kaupunum yrði rift. Því hafi seljandi hins vegar hafnað. Hefur álitsbeiðandi haft þær sömu kröfur uppi í máli þessu.

Meðfylgjandi álitsbeiðni var afrit af reikningi, dags. 9. október og afrit af tölvupóstsamskiptum aðila.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að hinn 9. október sl. hafi álitsefndandi komið í verslun seljanda. Hafi álitsefndandi þá þegar verið búinn að ákveða að kaupa svokallað „Sound hátalaratilboð“ en það tilboð samanstandi af tvennum þörum af hátölurum, magnara og snúrusetti. Tekur seljandi fram að álitsefndandi sé menntaður hljóðmaður og hafi verið búinn að kynna sér vöruna vel áður en kaupin fóru fram. Segir seljandi að þegar álitsefndandi var búinn að skoða hátalarana í versluninni hafi seljandi boðið honum að uppfæra SSL 6x9 tommu hátalarana í flottari gerð af hátölurum sömu stærðar. Þeir hátalarar hafi verið af gerðinni Ground Zero. Varð úr að álitsefndandi tók því tilboði og greiddi fyrir það aukalega kr. 5.000. Segist seljandi hafa 10 ára reynslu af sölu hljómflutningstækja í bifreiðar og hafi í starfi sínu átt í samstarfi við rafeindavirkja og rafmagnsverkfræðing. Tilboðið sem álitsefndandi hafi keypt sé gott, magnarinn sé ekki það öflugur að hann geti sprengt hátalarana og úr verði að ekki komi mikið suð frá rafkerfi bifreiðarinnar, sem annars gæti komið niður á hljómgæðum. Segist seljandi hafa haft umræddan magnara í sölu í fjögur ár og selt hann með umræddum hátölurum, sem og hátölurum annarra gerða, án þess að magnarinn hafi sprengt hátalarana. Segir seljandi að ástæður álitsefndanda fyrir því að krefjast riftunar á kaupunum séu aðrar en að hann sé ósáttur við það sem hann hafi keypt. Álitsefndandi hafi hringt í hann þegar um vika hafði liðið frá kaupunum og óskað eftir því að kaupin gengju til baka, þar sem hann væri búinn að selja bifreið þá sem hann hugðist setja hljómtekin í. Segir seljandi að hann hafi þá tjáð álitsefndanda að vörur fengjust ekki endurgreiddar í slíkum tilvikum, en í staðinn gæti álitsefndandi fengið inneignarnótu. Þetta hafi álitsefndandi hins vegar ekki sætt sig við. Segir seljandi að fullyrðingar álitsefndanda um að magnarinn gæti sprungið eða eyðilegast væri hann tengdur við hátalarana, séu í besta falli fáránlegar og beri vitni um vanþekkingu á virkni hljómflutningstækja.

V

Athugasemdir álitsefndanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum sínum við andsvör seljanda tekur álitsefndandi m.a. fram að hann telji frásögn seljanda á því hvernig kaupin fóru fram, ranga og skorar álitsefndandi á seljanda að leggja fram myndbandsupptökur úr verslun frá því kaupin fóru fram. Þá segir álitsefndandi að seljandi hafi selt sér sýningareintök. Þá ítrekar álitsefndandi að hann telji hátalaratilboðið haldið galla.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsefndanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsefndandi, hinn 9. október sl., hljómflutningstæki í bifreið af seljanda fyrir samtals kr. 69.240. Álitsefndandi heldur því fram að hljómflutningstækin séu haldin galla og krefst þess að kaupunum verði rift. Seljandi hefur alfarið hafnað fullyrðingum álitsefndanda um að tækin séu haldin galla og þar með því að kaupunum verði rift.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í c-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna

ástæðu til þess.“ Þá segir enn fremur í b-lið 1. mgr. 16. gr. að söluhlutur sé gallaður ef „seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.“

Fullnægi söluhlutur því ekki þeim skilyrðum sem að framan eru rakin, telst hann gallaður. Ástæða er þó til þess að taka fram að óánægja með keypta hluti getur ein og sér ekki leitt til þess að kaupandi geti rift kaupum. Álitsbeiðandi hefur m.a. annars haldið því fram að magnari sá er hann keypti af seljanda, sé of kraftlítil til að nýtast með fullnægjandi hætti með hátölurum þeim er með honum fylgdu og því sé tilboð það sem hann keypti af seljanda gallað. Hefur álitsbeiðandi í þessu samhengi m.a. haldið því fram að hátalarnir muni eyðileggjast séu þeir tengdir við magnarann og notaðir. Þessu hefur seljandi mótmælt og telur fjarstæðu. Þrátt fyrir að hafa haft til þess tækifæri hefur álitsbeiðandi ekki lagt fram nein gögn sem styðja fullyrðingar hans, né getur kærunefndin fallist á að þær séu líklegar til að vera réttar. Með framansagt í huga er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi ekki leitt í ljós að hljómf lutningstæki þau er hann keypti af seljanda hinn 9. október sl., séu haldin sérstökum göllum í skilningi laga nr. 48/2003. Af þeim ástæðum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir